



Alþingi
Erindi nr. P 143/1162
komudagur 24.2.2014

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Tilvísun í mál: 234. mál til umsagnar frá
umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
LHG-140224-02*

Reykjavík, 24. febrúar 2014

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um hafnalög (ríkisstyrkir o.fl.), 234. mál.

Vísað er til erindis frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 7. febrúar 2014, þar sem frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum (ríkisstyrkir o.fl.), 234. mál, var sent til Landhelgisgæslu Íslands til umsagnar.

Landhelgisgæsla Íslands fór þess á leit, þegar umsagnar var leitað vegna breytinga á hafnalögum árið 2007, að skip Landhelgisgæslunnar yrðu undanþegin greiðslu hafnargjalda en slíkt ákvæði var að finna í 2. mgr. 12. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. meðfylgjandi umsögn frá Landhelgisgæslunni, dags. 2. febrúar 2007. Slíkt ákvæði var hins vegar ekki tekið inn í hafnalög á þessum tíma.

Landhelgisgæsla Íslands telur engu að síður að það sé eðlilegt að skip stofnunarinnar verði undanþegin hafnargjöldum þar sem bæði varðskip og sjómælingaskip komi reglulega við í helstu hafskipahöfnum hérlendis í opinberum erindagjörðum. Landhelgisgæslan hefur gert samkomulag við margar hafnir um niðurfellingu hafnargjalda á undanförunum árum enda hafa hafnirnar sýnt þessari málaleitan Landhelgisgæslunnar skilning. Hins vegar fælist í því talsverð hagræðing og vinnusparnaður ef skýrt ákvæði væri sett í hafnalög varðandi undanþágu til handa Landhelgisgæslu Íslands vegna greiðslu á hafnargjöldum.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur





Alþingi
Samgöngunefnd
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/758
komudagur 2.2.2007


LHG/15/9.6/JB
Reykjavík, 2. febrúar 2007

Vísað er til bréfs Alþingis dags. 17. janúar 2007, þar sem samgöngunefnd Alþingis sendi Landhelgisgæslu Íslands til umsagnar frumvarp til hafnalaga, 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.

Landhelgisgæslan telur afar æskilegt að 3. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að varðskip og sjómælingaskip verði undanþegin hafnargjöldum. Skip stofnunarinnar koma við í mörgum höfnum vegna erinda, sem bæði heyra beint undir verksvið Landhelgisgæslunnar og sinna jafnframt ýmiss konar þjónustustörfum fyrir bæði opinbera aðila og einkaaðila. Stofnunin telur eðlilegt með tilliti til þessa að skip Landhelgisgæslunnar verði undanþegin þessum gjöldum.

Tekið skal fram að sambærileg undanþága var áður í hafnalögum. Í 2. mgr. 12. gr. hafnalaga nr. 45/1973 var tekið fram að m.a. íslensk varðskip skyldu vera undanþegin gjöldum. Landhelgisgæslunni er ekki kunnugt um, af hverju þessi undanþága var afnumin með lagasetningu síðar.

F.h. Landhelgisgæslu Íslands,



Jóhann Baldursson hdl.